

Efni: Boðun rafræns hafnasambandsþings 27. nóvember 2020

Í samræmi við 5. gr. laga Hafnasambands Íslands boðar stjórn hafnasambandsins til 42. hafnasambandsþings sem að þessu sinni verður haldið rafrænt 27. nóvember nk.

Samkvæmt 4. gr. laga hafnasambandsins velja aðildarhafnir fulltrúa á hafnasambandsþing og skal fulltrúafjöldi miðast við árstekjur. Upplýsingar um fjölda fulltrúa hvers hafnasjóðs, ásamt öðrum fundargögnum má finna á vefsíðu hafnasambandsins.

Kjörgengir á hafnasambandsþing og í stjórn Hafnasambands Íslands eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og hafnarstjórnnum, auk varamanna þeirra. Að auki eru kjörgengir starfsmenn hafna og sveitarfélaga.


Þar sem um rafrænt þing er að ræða þá eru nokkur atriði sem verða með öðru móti en vanalega:

- Stjórn hafnasambandsins mun kjósa kjörnefnd á næsta stjórnarfund. Mun hún taka til starfa strax og leggja fram tillögur sínar á þinginu. Framboð í stjórn skal senda á valur@samband.is fyrir 16. nóvember nk.
- Ekkert nefndarstarf mun fara fram í ár og mun stjórn því leggja fram nokkrar tillögur að ályktunum fyrir þingið. Ef aðildarhöfn vill koma með ábendingu um ályktun væri gott að senda hana fyrir 20. nóvember á valur@samband.is. Tillögur að ályktunum verða sendar út á aðildarhafnir fyrir þingið.
- Á þinginu verður notast við rafrænt kosningakerfi og því þurfa þingfulltrúar að gefa upp kennitölu við skráningu. Nánari upplýsingar um framkvæmd kosninga og kerfisins verða senda út þegar nær dregur.

Þess er óskað að sveitarstjórnir/hafnarstjórnir tilkynni um kjör fulltrúa á hafnasambandsþing eigi síðar en 20. nóvember nk. Skráning fer fram á www.hafnasamband.is.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands